



Reykjavík, 17. september 2020

SFS2018100030

192. fundur

HG/img/gs

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um breytingar á reglum um niðurgreiðslu vegna daggæslu

Lagt er til að eftirfarandi ákvæði verði bætt inn sem lokamálslið 3. mgr. í ákvæði 1.a. í reglum Reykjavíkurborgar um niðurgreiðslu vegna daggæslu:

Ekki er greitt framlag með börnum dagforeldra, nema viðkomandi hafi einnig önnur börn í daggæslu. Komi upp sú staða að önnur börn hætta í daggæslunni hefur dagforeldri þó einn mánuð frá 1. eða 15. hvers mánaðar til að taka inn önnur börn áður en niðurgreiðsla, vegna eigin barna, er felld niður.

Breytingin taki gildi 1. desember 2020.

Greinargerð:

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur haft til skoðunar niðurgreiðslur til dagforeldra vegna daggæslu eigin barna þá sérstaklega með tilliti til þess að ekki séu önnur börn skráð í daggæsluna.

Við skoðun á reglum Reykjavíkurborgar um niðurgreiðslu vegna barna í daggæslu og reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, er ljóst að ekki er að finna ákvæði sem tekur fyrir að dagforeldri fái niðurgreitt með eigin börnum án þess að hafa önnur börn í daggæslu sinni.

Það liggur þó í hlutarins eðli að bæði reglur Reykjavíkurborgar og reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum eru settar með það í huga að dagforeldri hafi ekki einungis eigin börn í daggæslu sinni. Í 8. gr. reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum er tekið fram að leyfi félagsmálanefndar (hjá Reykjavíkurborgar sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs) taki til allt að fjögurra barna, samtímis, að meðtöldum þeim sem fyrir eru á heimilinu yngri en sex ára, þó þannig að eigi skulu vera á heimilinu fleiri en tvö börn undir eins árs aldri að jafnaði.

Með breytingunni er gerð krafa um að dagforeldri hafi að lágmarki tvö börn í daggæslu auk eigin barna. Engu að síður hefur dagforeldrið einn mánuð til að taka inn önnur börn í daggæslunni áður en til brottfalls niðurgreiðslu kemur. Dagforeldrið fær því svigrúm til að taka önnur börn í daggæsluna og miðast einn mánuður við 1. eða 15. hvers mánaðar til samræmis

við reglur um uppsagnarfrest í 10. gr. reglna um niðurgreiðslu vegna daggæslu. Til upplýsinga er hér getið um reglur sem gilda í neðangreindum sveitarfélögum:

Í Garðabæ er ákvæði í *reglum um greiðslur vegna aðstöðu barna hjá dagforeldrum í Garðabæ* svohljóðandi:

Ekki eru greiddar aðstöðugreiðslur með þeim börnum sem vistuð eru hjá ættingjum eða au pair.

Í skilyrðum sem sett eru fyrir veitingu starfsleyfis til dagforeldra í Garðabæ er sérstaklega tekið fram að:

Foreldrar barna geta aldrei fengið starfsleyfi til að taka að sér að vera dagforeldrar eingöngu sinna eigin barna.

Í reglum Akureyrarkaupstaðar *um niðurgreiðslu í daggæslu í heimahúsum* eftirfarandi ákvæði í 7. gr.:

Dagforeldrar fá niðurgreitt með eigin börnum samkvæmt reglum þessum, að hámarki 7 tíma daglega, virka daga. Niðurgreiðslu skal miða við dvalartíma annarra barna í daggæslunni. Ef börn dagforeldra eru í leikskóla dregst dvalartíminn þar frá.

Í reglum Kópavogsbæjar um *dvöl barna hjá dagforeldrum* er eftirfarandi ákvæði í 3. mgr. 1. gr.:

Ekki er greitt framlag með börnum dagforeldra, nema að viðkomandi hafi einnig önnur börn í dvöl.

Lagt er til að breytingin taki gildi þann 1. desember 2020.

Félög dagforeldra, Barnavistun og Barnið, hafa fengið þessar tillögur til umsagnar og gera ekki athugasemdir.